

- 15.9. Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá fyrrgreindum reglum, ef inneign sjóðfélaga er svo lítil, að árlegar greiðslur geta ekki náð eftirtöldum upphæðum:
- Til sjóðfélagans 125% þess árgjalds, sem hann greiddi síðast í sjóðinn.
 - Til eftirlifandi maka 75% af árgjaldi því sem vísað er til undir a.
 - Til hvers barns 20% af árgjaldi því sem vísað er til undir a.

Í þeim tilfellum, sem talin eru undir staflíðum a-c, má stjórn sjóðsins dreifa greiðslum á skemmri tíma en 10 ár, en þó svo, að árlegar greiðslur fari ekki fram úr þeim upphæðum, sem þar eru taldar. Með jöfnum greiðslum er hér átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára þannig að sjóðfélagi fái á hverju ári þann hluta af innstæðu sinni, að meðtöldum tekjum vegna hennar, sem svarar tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Með vísan til laga nr. 55/1980, staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 20. janúar 1998.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Áslaug Guðjónsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um stjórn-sýsluumdæmi sýslumanna,
nr. 57 5. febrúar 1992.**

1. gr.

Í stað „Stykkishólmsbær og Skógarstrandarhreppur“ í 4. tl. 1. gr., sbr. reglugerð nr. 500/1996, komi: og Stykkishólmsbær.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum í 11. gr. laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92 1. júní 1989, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. febrúar 1998.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Björg Thorarensen.